2928 87	5258 90	2721 82	157 »	2878 82	590 »	8727 72	8	29	28	3	13	33	
1651 »	3159 15	2223 »	119 75	2342 75	» »	5501 90	6	18	15	»	5	20	
3394 70	3958 76	2528 85	96 »	2624 85	324 01	6907 62	3	30	14	1	6	19	
573 44	1475 79	1215 35	» »	1215 35	140 »	2831 14	3	17	9	»	3	8	
2335 64	3637 31	2176 75	315 »	2491 75	84 »	6213 06	6	25	16	»	3	32	
1994 17	2479 90	640 »	» »	640 »	» »	3119 90	5	10	5	1	3	10	
14465 22	22700 74	13371 64	766 75	14338 39	1308 01	38347 14	36	147	105	8	41	137	
3083 77	4912 54	2970 56	285 »	3255 56	330 »	8498 10	5	39	32	6	8	33	
2594 32	3863 61	1902 27	322 60	2224 87	125 »	6213 48	8	33	28	5	23	22	
2457 06	3506 45	2492 91	» »	2492 91	91 »	6090 36	8	50	25	10	17	19	
1712 69	2482 82	2045 84	» »	2045 84	» »	4528 66	10	31	14	2	13	10	
9847 84	14765 42	9411 58	607 60	10019 18	546 »	25330 60	31	153	99	23	61	84	
1386 15	1537 15	743 50	» »	743 50	45 60	2330 25	2	17	4	1	9	6	
2663 19	4034 52	2824 59	90 »	2914 59	136 60	7085 71	11	31	15	3	18	13	
2306 36	9219 15	3457 69	69 60	3527 29	179 60	12926 04	6	35	28	4	18	22	
605 60	605 60	711 80	» »	711 80	» »	1317 40	2	9	7	»	2	2	
6961 30	15396 42	7737 58	159 60	7897 18	365 80	23659 40	21	92	54	8	47	43	

Yfirlit yfir sama eptir

Nöfn amta, sýslna, hreppa og kaupstaða	Aldur þurfa- manna			Þurfamenn kvæntir eða með börnun							Tala einhleypa þurfa- manna	Tala minnabarnsra sveitabarna	Tala þurfa- fátaka samts	Sveit- Til þurfam.	
	undir 40 ára	40—69 ára	70 ára og eldri	kvæntir menn	Ekklar og ekklur með börnun	Kvenmenn með óskilgildum börnun	Tala barna þeirra á ómagaöldri	Tala þeirra sjálfa						Tala þurfa- fátaka samts	lagi til heimila þeirra
															kr. a.
Suðuramtið	146	458	253	245	80	102	1131	427	430	58	915	13091	84		
Vesturamtið	101	203	105	126	52	40	713	218	191	27	436	8235	52		
Norðuramtið	95	198	88	135	43	32	589	210	171	12	393	4917	58		
Austuramtið	74	109	60	100	31	12	554	143	100	7	250	8435	12		
Reykjavíkurbær	29	91	18	44	16	10	208	70	68	11	149	5597	16		
Ísafjarðarbær	1	8	5	4	1	»	14	5	9	3	17	540	»		
Akureyrarbær	4	5	2	4	2	1	11	7	4	»	11	440	96		
Seyðisfjarðarbær	4	8	3	8	1	2	26	11	4	»	15	1303	57		
Samtals	454	1080	534	666	226	199	3246	1091	977	118	2186	42563	75		
Sunnlendingafjórðungur	175	549	271	289	96	112	1339	497	498	69	1064	18691	»		
Vestfirðingafjórðungur	102	211	110	130	53	40	727	223	200	30	453	8775	52		
Norðlendingafjórðungur	99	203	90	139	45	33	600	217	175	12	404	5358	54		
Austfirðingafjórðungur	78	117	63	108	32	14	580	154	104	7	265	9738	69		
Samtals	454	1080	534	666	226	199	3246	1091	977	118	2186	42563	75		

ömtum og kaupstöðum.

arframfæri þurfamanna og munaðarlausra sveitarbarna							Astæður fyrir styrkpörf þurfam. eru taldar					
kvæntra eða með börnum		Til einhleyptra þurfamanna			meðlag munaðarlausra barna	Styrkur eða lán til þurfa-linga alls	geðveiki, brjálsemti og fíggjanskapur	sjúkdómar og heilsuleysi	eittlasteikur	drykkjuskapur	ræðleysi og leit	barnaföldi og aðrar astæður
annar styrkur	Styrkur eða lán til þeirra alls	meðlag með þeim sjálfum	með börnum þeirra óskilgetnum	Styrkur eða lán til þeirra alls								
kr. a.	kr. a.	kr. a.	kr. a.	kr. a.	kr. a.	kr. a.						
20058 71	33150 55	23564 88	1969 05	25533 93	3219 62	61904 10	57 280	255	53	109	220	
14465 22	22700 74	13571 64	766 75	14338 39	1308 01	38347 14	36 147	105	8	41	137	
9847 84	14765 42	9411 58	607 60	10019 18	546 »	25330 60	31 153	99	23	61	84	
6961 30	15396 42	7737 58	159 60	7897 18	365 80	23659 40	21 92	54	8	47	43	
1791 11	7390 27	4432 33	1227 34	5659 67	552 30	13602 24	6 59	19	24	27	26	
40 »	580 »	1030 »	» »	1030 »	260 »	1870 »	2 10	2	1	»	»	
153 65	594 61	124 »	15 »	139 »	» »	733 61	» 8	3	3	2	»	
120 »	1423 57	212 95	47 78	260 73	» »	1684 30	1 4	1	1	»	6	
53437 83	96001 58	60084 96	4793 12	64878 08	6251 73	167131 39	154 753	538	121	287	516	
21849 82	40540 82	27997 21	3196 39	31193 60	3771 92	75506 34	63 339	274	77	136	246	
14505 22	23280 74	14601 64	766 75	15368 39	1568 01	40217 14	38 157	107	9	41	137	
10001 49	15360 03	9535 58	622 60	10158 18	546 »	26064 21	31 161	102	26	63	84	
7081 30	16819 99	7950 53	207 38	8157 91	365 80	25343 70	22 96	55	9	47	49	
53437 83	96001 58	60084 96	4793 12	64878 08	6251 73	167131 39	154 753	538	121	287	516	

Leiðrjetting: Á 7. bls. í fyrstu samtölu er 1578 40 en á að vera 1587 40.

Athugasemdir

við framanskráða skýrslu

Eitt meðal annars er nefndinni í fátækra og sveitarstjórnarmálum virtist nauðsynlegt að kynna sjer, þegar hún tók til starfa, var hið núverandi ástand þjóðarinnar í tilliti til framfærslu þurfamanna, bæði snertandi útgjaldahliðina og jafnframt hverjar mundu hinar helztu orsakir fátækrabyrðarinnar, er svo mjög hefur verið kvartað undan, einkum seinni hluta næstliðinnar aldar. En eins og kunnugt er, vantar oss að eiga nákvæmar og áreiðanlegar hagfræðisskýrslur, er sýna ástand landsins á ýmsum tímum í umræddu efni.

Það eina, sem til er í þessari grein, eru skýrslur þær um efnahag sveitarsjóðanna, sem birtar hafa verið öðru hvoru í Stjórnartíðindunum, deildinni C og Landshagsskýrslunum, en það var hvorttveggja, að skýrslur þessar gáfu að eins mjög takmarkaða fræðslu um það, sem vjer þurftum að vita, og í öðru lagi voru þessar skýrslur ókomnar út fyrir síðustu árin, þegar nefndin byrjaði störf sín.

Peir, fyrrverandi formaður nefndarinnar, amtmáður Páll sál. Briem og núverandi formaður hennar, skrifstofustjóri Jón Magnússon, tóku því það ráð, að fá lánaða alla hreppareikninga landsins frá 5 síðustu árunum 1895–1899, en þegar fara skyldi að nota þá, kom það fljótt í ljós, að í fyrsta lagi var ekki unt að fá út úr þeim nema nokkurn hluta þeirrar fræðslu er nefndin óskaði eptir, og í öðru lagi reyndist lítt kleyft verk fyrir nefndina með hennar takmarkaða tíma, að vinna úr þessum skjalagrúa það hagfræðisyfirlit, er í þeim hefði þó átt að felast. Sjerílagi virtist erfitt að hagnýta fylgiskjölin, vegna þess hve misjöfn þau reyndust að formi og öllum frágangi, en á þeim – ef þau hefðu verið í fullkomlega góðu lagi –, hefði helzt mátt græða ýmislegt. Þrátt fyrir þetta hefur þó verið farið í gegnum alla þessa reikninga og þeir bornir í ýmsum atriðum saman við skýrslur sveitarstjórnanna, og sjer í lagi hefur verið dregið út úr þeim upphæð fátækraflutningskostnaðar og upphæð á endurgoldnum fátækrastyrk, er nefndin þurfti að taka til athugunar, og alls ekki er í skýrslum um efnahag sveitarsjóðanna nje skýrslum sveitarstjórnanna fyrir fardagaárið 1901–1902.

Nefndin rjeð því af á fundi, sem hún átti með sjer sumarið 1902, að senda

öllum hreppsnefndum og bæjarstjórnnum landsins prentuð eyðublöð með ýmsum spurningum á, er nefndinni þótti æskilegt að fá svör um, og hafa allar hreppsnefndir og bæjarstjórnir orðið við þessari ósk, að undanteknum tveim hreppsnefndum í Gullbringusýslu – Bessastaða og Rosmhvalanesshreppa, er af einhverjum ástæðum hafa látið vera að gefa nokkur svör. Sýslumaðurinn sýndi nefndinni þar á móti þá góðvild, að semja sjálfur þessi svör eptir munnlegum upplýsingum og hreppareikningunum fyrir hið umgetna fardagaár 1901–1902, og má telja víst, að svör þessi sjeu eins rjett og nefndirnar hefðu sjálfar samið þau, að svo miklu leyti, sem sýslumanni var unnt að leysa úr spurningunum og hafði rjett skjöl til þess að byggja á.

Spurningar þessar og svör eru í þrennu lagi: 1, um fjölskylduþurfamenn, 2, um einhleypa þurfamenn og 3, um munaðarlaus sveitarbörn. Viðvíkjandi fjölskylduþurfamönnum var spurt um: aldur, hvort hann væri kvæntur maður, barnlaus eða með börnum, ekkill, ekkja eða ógiftur kvennmaður með óskilgetnum börnum; um tölu barna þurfamanns á ómaga aldri, hvort þurfamaður er á fæðingarhrepp eða hann hefur unnið sér sveit, hvað mikinn styrk eða lán hann hafi fengið fardagaárið 1901–1902, hvað af honum sem meðlag og hvað lagt til heimilis, og loks um ástæður fyrir styrkþörf hvers þurfamanns, hvert hún væri geðveiki, aðrir sjúkdómar eða heilsuleysi, ráðleysi eða drykkjuskapur. Að lokum var settur breiður dálkur fyrir athugasemdir, er hefur verið óspart notaður af flestum hreppsnefndum og út úr þeim hefur svo verið dregið efni í 2 dálka – ellilasleika og barnafjölda með fleiri ástæðum.

Viðvíkjandi einhleypum þurfamönnum, voru spurningar hinar sömu að því er við átti, nema þar hafði skotizt yfir að spyrja, hvort sveitin væri fæðingarhreppur eða unnin sveit og svo var hjer spurt um, hvort styrkurinn væri til þurfamannsins sjálfs eða meðgjöf með óskilgetnu barni hans, ef um ókvæntan karlmann var að ræða.

Hvað munaðarlaus börn snerti, var að eins spurt um aldur, hvort þau væru skilgetin eða óskilgetin og um meðlagsupphæð.

Flestum hreppsnefndum hefur tekizt að svara spurningum þessum allgreinilega; þó eru nokkrar undantekningar, þar sem svör eru ónóg í nokkrum greinum eða þá byggð á misskilningi, er þó hefur tekizt að leiðrjetta víðasthvar, en með talsverðri fyrirhöfn og tímatöf.

Út at öllum þessum svörum sveitarstjórnanna hefur svo verið dregin saman skýrsla sú, er hjer fer á undan og má af henni sjá ýmislegt um ástandið í umræddu efni fardagaárið 1901–1902.

Fyrst verður þar fyrir manni:

Aldur þurfamanna

og sjest þar, að á öllu landinu eru 454 þurfamenn yngri enn fertugir og eru þar af 312 fjölskyldumenn, enn þar af eru aptur 42 yngri enn 30 ára. 1080 eru milli fertugs og sjötugs – eru þar af fjölskyldumenn 682 og af þeim eru aptur 383 milli fertugs og fimmtugs, en aðeins 90 milli sextugs og sjötugs. Þá eru 534 yfir sjötugsaldur og eru 436 af þeim einhleypir þurfamenn. Fjölskylduþurfamenn eru því flestir á aldrinum frá 30–60 ára, en nálega helfingur hinna einhleypu eru yfir sjötugt.

Þessi hlutföll virðast öll vera mjög eðlileg og er ekki löggjafarinnar verk að breyta þeim að öðru enn því, ef hún kæmi því til leiðar, að þurfamenn, er næðu hæsta aldurstakmarkinu – 70 árum og þar yfir – þyrftu ekki á sveitarstyrk að halda, og er mjög mikið, sem mælir með því, enda eitt af ætlunarverkum nefndarinnar að gjöra tilraun í þá átt.

Þegar litid er til fjölskyldu þurfamanna, þá kemur það í ljós, að þeir eru að eins fáir, er hafa kvongast svo ungir og hlaðið svo fljótt niður ómegð, að þeir þurfi fátækrastyrks með fyrir þrítugsaldurinn, því flestir af þessum 42 fjölskylduþurfamönnum eru ógiptir kvennmenn, sem ekki hafa getað fengið meðlag með óskilgetnum börnum sínum frá feðrum þeirra og hafa einar orðið að standa straum af börnum sínum óskilgetnum, og virðist ekkert óeðlilegt við það, þótt aðstoðarlausum kvennmanni, stundum lítt þroskuðum, verði ofvaxið að hafa fyrir jafnvel einu barni, hvað þá heldur ef þau eru fleiri. Þær eru því flestar taldar undir yfirskriftinni »barnafjöldi og aðrar ástæður«.

Flestir kvæntir þurfamenn eru á aldrinum 40–50 ára og fylgir mörgum þeirra sú saga, að þeir hafi kvongast rúmlega þrítugir, byrjað búskap eða tómthúsmennsku efnalausir, svo hafi hlaðizt á þá ómegð, þangað til þeir um fertugsaldurinn hafi orðið að biðja um sveitarstyrk vegna fátæktar og stundum vegna skorts á ráðdeild og dugnaði. Margir þeirra komast svo af sveitinni eptir fimmtugsaldurinn, þegar flest börnin eru orðin vaxin og foreldrunum til styrktar, en á stundum fer svo, að sami maðurinn verður í annað sinn að leita fátækrastyrks, þegar hann er kominn nálægt sjötugsaldrinum og þar yfir, en á stundum kemur það líka fyrir, að börn þurfamanna, sem alin hafa verið upp á sveitarstyrk, geta bjargað foreldrunum í ellinni frá sveit, en því miður mun það þó fremur sjaldgæft.

Hvort heppilegra muni vera fyrir sveitirnar, að öreigar gangi í hjónaband ungir (frá 20–30) eða ekki fyrr enn eptir þrítugt, um það er ekki gott að segja. Margir álíta það heppilegra, að menn bíði með það að ganga í hjónaband, þar til þeir eru komnir milli þrítugs og fertugs, því þá sje líklegt að þeir sjeu búnir að safna sjer nokkrum bústofni, er geri þeim ljettara með að standa straum

af fjölskyldam þeirra, heldur enn þegar búskapur og hjúskapur eru byrjaðir á unga aldri með alls engin efni. Þetta er þó nokkuð vafasamt um, hvort að er algjörlega rjett.

Gæti maður talið það fullkomlega víst, að menn notuðu þessi blómaár sín til þess að safna sjer bústofni, þá væri þessi skoðun að miklu leyti rjett, en því fer nú opt talsvert fjærri, að svo reynist. Það eru mörg dæmi til þess, að menn hafa ekkert eignast á þeirra einhleypingsárum, en þó komist furðanlega af, þegar þeir hafa þurft að sjá fyrir konu og börnum, að minnsta kosti í samanburði við hina fyrri afkomu. Þá hafa þeir fyrst munað eptir því, að þeir höfðu einhverja skyldu, eitthvert ætlunarverk, er þeir þurftu að leysa af hendi. Þegar svona fer, virðist lítið unnið við biðina; það eitt, að beztu árin tapast til einkis gagns, en lúaaárin, þegar maðurinn þarf heldur að láta fara að slá úr lófum, verða að notast til strits og hvíldarlausrar umhyggju fyrir uppeldi fleiri eða færri barna. Þess er minna gætt enn skyldi, að *heiðarlegir* fjölskyldumenn, jafnvel þó þeir þurfi lítillfjörlegs styrks, til þess að geta alið upp mörg börn, leggja drjúgan skerf til þjóðfjelagsins fyrir framtíðina og að barnamennirnir eru að öllum jafnaði mestu gróðamennirnir.

Tala þurfalinga

var fardagaárið 1901–1902 alls á öllu landinu 2186; 1091 fjölskyldumenn, 977 einhleypir þurfamenn og 118 munaðarlaus börn. Af fjölskylduþurtamönnum eru 666 kvæntir menn, 50 ekkjumenn, 176 ekkjur og 199 ógiptir kvennmenn með óskilgetnum börnum.

Hingað til hefur verið venja, að telja mann með konu eða fleiri eða færri börnum sem einn þurfamann og svo er hjer gjört, enda er það rjett í vissu tilliti, en í tilliti til ýmislegs samanburðar, verður þetta ónákvæmt og jafnvel fjarstæða. Leggi maður nú við tölu fjölskyldu þurfamanna, er voru á landinu 1901–1902 – og þá var eins og sagt var 1091 – tölu eiginkvenna hinna kvæntu þurfamanna 666 og tölu barna fjölskylduþurfamanna á ómagaaldri, er var 3246, þá verður þessi tegund þurfamanna með skylduliði þeirra 5003 menn, en þurfa-lingar alls 6098 eða c. 7,8% allra landsmanna.

Af því þannig löguð talning hefur ekki framfarið fyrr enn nú, þá er ekki hægt að sjá með vissa, hvort eða hvað mikið virkilegum sveitarþurfum hefur fækkað undanfarinn aldarfjórðung, en eptir síðustu landshagsskýrslum að dæma hefur þurfamönnum farið smáfækkandi síðan 1870 eða úr 5,6% niður í 3%, að ótöldu öllu skylduliði fjölskylduþurfamanna. Það er víst að í þessa áttina hefur talan gengið á umgetnu tímabili, því líklegt er að misfellurnar á talningarreglunni hafi verið í líkum hlutföllum öll árin en ekki má reiða sig á það, að landshagsskýrslurnar sjeu nákvæmlega rjettar í þessu atriði; það er

síður en svo, því í skýrslum sýslumanna um efnahag sveitarsjóðanna er mesta ósamkvæmni að því leyti er snertir tölu þurfamanna. Sumstaðar hafa börn, sem ekki hafa verið munaðarlaus, verið talin sem sjerstakir þurfalingar, og öldruð hjón, sem tveir þurfamenn, hafi þau verið hvort á sinni meðgjöf, en sumstaðar – og vitanlega víðar – hefur fjölskylduþeirinn eða móðirin verið aðeins talin; þannig má finna, að maður með konu og 6 börnum er talinn einn þurfamaður eins og rjett er, en í annari sveit er samskonar fjölskylda talin 6 börn »undir 16 ára aldri« og er auðsætt af þessu, að þetta gjörir þurfalingatöluna óáreiðanlega í fleiri greinum. Það, sem því þessar skýrslur, sem vjer byggjum á, segja, er það áreiðanlegasta, sem í þessu efni hefur fengist, og af þessu leiðandi er það sama um sundurliðun meðlagsins milli þurfamanna 16 ára og eldri og barna undir þeim aldri.

Fjölskylduþurfamenn

At þeim er flest af kvæntum karlmönnum, og jafnframt eru þeir þyngstir á sveitarsjóðunum, enda hafa sumir þeirra mörg börn fram að færa, og þegar sjúkdómar eða óhöpp bera þeim að höndum, þá er eðlilegt að talsvert kveði að byrði þeirri, er þessir menn valda sveitarsjóðunum, meðan á því stendur og nokkuð á eptir.

Eins og sjá má, eru ekkjumenn fremur fáir og tiltölulega eru þeir ljettir á sveitunum. Má vera að því valdi meðfram mannúð og hjartagæði ýmsra kunningja þeirra, nágranna og frænda, sem hlaupa undir byrðina í barnaupveldinu þegar móðirin deyr.

Það er mjög eðlilegt, að ekkjurnar eru miklu fleiri og líka þyngri á sveitarsjóðunum en ekkjumennirnir, en þó virðist tala þeirra og byrði sú, sem þær valda sveitunum, vera minni enn við mætti búast, eins og tilfelli eru mörg og stórkostleg er gjöra giptar konur að ekkjum, og er efalaust, að hið sama kemur fram á þeim og ekkjunum, að margur góður maður verður til þess að rjetta þeim hjálparhönd, einkum þegar slysatilfelli valda ekkjudómnum. Margar ekkjur hafa líka með heiðri ofan af fyrir sjer og börnum sínum, og beita til þess ráðdeild, dugnaði og sparsemi, einkum kemur þetta opt í ljós hjá búandi konum í sveit. Ef menn almennt trygðu líf sitt á unga aldri og ef styrktarsjóðir fyrir ekkjur þeirra, er af slisum farast, væri fjölgað og þeir eflir, þá mundu mjög fáar ekkjur þurfa á sveitarstyrk að halda.

Þá eru ógiptir kvenmenn með óskilgetnum börnum. Talsverða byrði auka þær sumum sveitum, en yfirleitt getur hún þó ekki talist afar þung. Fleiri eru þær enn ekkjurnar, enda mun fremur lítið kveða að ívilnun við þær eða hjálpfýsi manna þeim til handa; líklega nokkuð minna en skyldi og minna en sumar þeirra verðskulda. Það er nokkuð efasamt, hvort skýrslur sveitarstjórnanna eru

nákvæmlega rjettar að því er snertir styrk til þessara þurfamanna; það verður ekki alstaðar sjeð á skýrslunum, en höf. er kunnugt um, að í skýrslum þriggja hreppsnefnda í einni sýslunni, er styrkur sem veittur er barnsföður eingöngu og endurborgaður af honum síðar eða framfærslusveit hans, talinn styrkur til móðurinnar, en það er alveg rangt. Þannig eru þessir þurfamenn taldir eitthvað fleiri enn þeir eru og með hærri styrk enn rjett er.

Flest er af konum þessum í Sunnlendingafjórðungi, einkum í nágrenninu við Reykjavík og í sumum sjóplássum víðar um land. Flestar þeirra eiga aðeins 1–2 börn og hafa þá annaðhvort engann styrk frá barnsfeðrum sínum eða þeim er ranglega talið til skuldar það, sem feðrunum er veitt.

Einhleypir þurfamenn

Eins og áður er sagt, er tæpur helmingur þeirra gamalmenni – 70 ára eða eldri – Hitt er fólk á öllum aldri, sem flest er þjáð af sjúkdómum eða heilsuleysi, eða er fætt með miklum annmörkum t. d. fábjánar eða því líkt.

Munaðarlaus sveitarbörn

Þau eru alls ekki mörg í hlutfalli við þurfamennina, eða tölu barna fjölskyldu-þurfamanna, aðeins 118 á öllu landinu, og þó mun að öllum líkindum vera talin of mörg þessi börn í hinum tveim umgetnu hreppum í Gullbringusýslu, er vantaði skýrslur frá, er mun afleiðing þess, að sýslumaður hefur í þessu byggt skýrslur þær, er hann samdi á reikningum hreppanna, en þeir verið að líkindum miður rjettir í þessu efni, eins og mun víðar hafa átt sjer stað, sem áður er sagt, og einnig má sjá á þessari tölu í skýrslum um efnahag sveitarsjóðanna 1901–1902. Þar eru börn undir 16 ára aldri talin 294 sem sjerstakir þurfalingar, en hafa þá líklega ekki yfirstígið 100, eða öllu heldur verið þar undir, ef leiðrjettar væru þessar 2 skýrslur.

Í 4 sýslum og 2 kaupstöðum, er enginn slíkur þurfalingur, og í tveimur sýslum aðeins 1 barn í hvorri. Þetta er áreiðanlega rjett, sem skýrslur sveitarstjórnanna segja í þessu efni, en að þeim ber svo illa saman við sveitarreikningana, stafar af gömlum vana og misskilningi sumra hreppsnefnda. Þær hafa nefnil. gleymt því sumar um börn, er eingöngu eru alin upp á sveit, að þau þiggja ekki sjálf uppeldi sitt, ef þau eiga lifandi föður eða móður, sjeu þau skilgetin, eða aðeins móður, ef þau eru óskilgetin, heldur faðir skilgetna barnsins ef hann er á lífi, eða móðir þess ef hann er dáinn eða sje það óskilgetið, en eyðublöð þau og fyrirmyndir er nefndin sendi sveitarstjórnunum voru í þessu efni svo ákveðin og greinileg, að hreppsnefndir hafa ekki getað villst á þessu.

Það er nærri því ótrúlegt; að í 192 sveitarfjelögum skuli ekki vera nema tæpt 100 af slíkum ómögum, og þó eru 11 í einu þeirra (Rvík), en þó er það nú svo, og það stafar að öllum líkindum af sömu ástæðunni og getið er um ekkla og ekkjur, en kemur sjáanlega fram í stærstum mæli á munaðarlausu börnunum, sem ekki er heldur ólíklegt. Það mun mega telja meðal undantekninga í mörgum sveitum, að börn sem missa foreldra sína, og ekki eru komin á sveitina áður, fari á hreppinn við það tilfelli, heldur munu optast vekjast upp einhverjir, skyldir eða vandalausir, til þess að hjálpa þessum munaðarlausu börnum, og er það mjög gleðilegur vottur um mannúð og kærleika til þeirra sem verða fyrir ástvinamissi og ekki geta sjálfir veitt sjer lið.

Fátækraframfæri

Um það er ýmislegt að athuga. Eins og sjá má á skýrslunni var upphæð þessi á öllu landinu fardagaárið 1901–1902, samkvæmt skýrslum sveitarsjóðanna, 167131 kr. 39 a., en í landshagsskýrslunum er hún talin 178322 kr. eða rúmum 11 þús. kr. meira, en þar mun vera ófráðreginn endurborgaður styrkur og ekki ótrúlegt, að sama upphæð sje á stundum tví talin, það er að segja talin í tveimur sveitum. Það mun óhætt að fullyrða það, að sú tala, sem nú kemur fram í skýrslum sveitarstjórnanna, sje nálægt sanni, að minnsta kosti ekki of lág. Samkvæmt því sem áður er sagt, hefur höf. farið í gegnum alla sveitarreikningana frá árunum 1895–99 og má af þeim sjá, að endurborgaður styrkur veittur þurfam. yngri en 16 ára hefur verið að meðaltali þau árin 14884 kr. 48 a. Auk þessa er andvirði seldra eigna þurfamanna eptir þá látna, er nema yfir sama tíma rúm 2000 kr. að meðaltali á ári, en sú upphæð vegur nú ekki fullkoml. móti greftunarkostnaði þeirra, svo að í rauninni þarf eigi að telja hana sem tekjur upp í hið veitta fátækraframfæri.

Af þessu má sjá, að upphæð hins virkilega fátækraframfæris sje heldur lægri enn hærri, en hjer er tilgreint, þótt hún sje það ekki samanborin við skýrslur um efnahag sveitarsjóðanna, enda mun mörgum virðast hún nægilega há, þó ekki væri grunur um, að hún ætti að vera hærri.

Samkvæmt manntalinu 1. nóv. 1901 hafa þá verið hjer á landi 78470 manns og þá hefur þessi fátækaskattur fardagaárið 1901–1902 verið 2 kr. 13 aurar til jafnaðar á hvern mann á landinu. Landshagsskýrslurnar segja, að gjaldendur til sveitarsjóðanna hafi þá verið 18086 og kemur þá á hvern þeirra að jafnaði 9 kr. 24 a.

Samkvæmt yfirliti yfir efnahag sveitarsjóðanna 1900–1902 eptir revisor Indriða Einarsson, hefur fátækabyrðin þessi síðustu 30 ár 19. aldarinnar verið að upphæð og til jafnaðar á hvern gjaldanda og hvern mann sem hjer segir:

Meðaltal árin	Fátækraframf. Kr.	Á mann Kr.	Á gjaldanda Kr.
1871–1880	215970	3,0	20,3
1881–1890	184844	2,6	14,7
1891–1895	167584	2,3	11,7
1896–1900	165817	2,2	10,0
1901	186611	2,4	10,6
1902	178322	2,3	10,0

Eptir þessu yfirliti að dæma, hefur fátækrabyrðin farið smá minkandi frá 1871 til 1900, en hækkar svo aptur 2 fyrstu ár 20. aldarinnar, en þó ekki svo að mikið kveði að, og ekki lítur út fyrir, að það sje byjun á áframhaldandi hækkun, þar sem hún er aptur talsvert lægri 1902 en árið á undan.

Því verður alls ekki neitað, að byrði þessi er þungur skattur á gjaldendum landsins, en ekkí er hann jafn þungur yfirleitt og af hefur verið látið hjá öllum, sem á þetta hafa minnst mörg undanfarin ár. Þessi umkvörtun hefur sjáanlega verið á nægum rökum byggð hjá ýmsum sveitarfjelögum, en þau eru líka nokkur, sem litla eður enga ástæðu hafa til þess að kvarta í þessu efni. Það er ekki ólíklegt, að það eymi eptir af sömu dómunum, sem uppkveðnir voru um fátækra-byrðina, þegar hún var sem hæst, og þegar hún var nálega ein, er skapaði útsvars-upphæðir manna. Menn munu gleyma því á milli, að »ekki eru allir sjúkdómar guði að kenna« og eins er um útsvörin, að þau eru ekki öll fátæklingunum að kenna. Sveitarsjóðirnir hafa orðið að borga út fardagaárið 1901–1902:

Til menntamála	Kr. 25098
– sýslusjóða	– 48855
– sýsluvega	– 29113
– refacyðingar	– 7595
– sveitarstjórna og þessl.	– 19495
og svo ýmis útgjöld svo sem: rjettartoll, þinghúsleigu, kláðaskoð-anir, hey- og fjárskoðunarkostnað með fl., eða alls að líkindum c.	– 20000
Þetta gjörir alls	– 150056

eða nærri sömu upphæð og allt fátækraframfærið. Á þessu sjest, að fátæklingarnir eru nú orðið ekki einir um hituna, að því er sveitarútsvörin snertir, en eins og áður er vikið að, kemur fátækrabyrðin mjög misjafnt á landsmenn, misjafnara en nokkur annar skattur. Hún er enn þá lang þyngsta byrðin á mörgum

sveitarfjelögum, en á sumum er hún heldur ekki nema titölulega lítið brot af sveitargjöldunum.

Til þess að sýna, hvernig fátækrabyrðin hefur legið á landsmönnum eftir hreppum og kaupstöðum fardagaárið 1901–1902, er sett hér eftirfylgjandi:

Yfirlit

yfir fátækraframfærið í hlutfalli við mannfjölda og tölu gjaldenda eftir sýslum, kaupstöðum og landsfjórðungum fardagaárið 1901–1902.

Nöfn sýslna, kaupstaða og landsfjórðunga	Mannfjöldi	Tala gjaldenda	Fátækrabyrðin		
			á sýslu kaupstað eða fjórðung	á gjald- anda	á mann
			kr. a.	kr. a.	kr. a.
Vestur-Skaptafellssýsla	1944	421	3016 68	7 17	1 56
Vestmannaeyjasýsla	607	133	1446 78	10 88	2 38
Rangárvallasýsla	4366	849	12867 58	15 16	2 95
Arnessýsla	6394	1387	18757 56	13 52	2 93
Gullbringu- og Kjósarsýsla	5343	1088	17726 02	16 29	3 32
Borgarfjarðarsýsla	2520	587	8089 49	13 78	3 21
Mýrasýsla	1721	388	5045 80	13 00	2 93
Snæfellsness- og Hnappadalssýsla	3169	888	8727 72	9 83	2 52
Dalasýsla	2044	453	5501 90	12 15	2 69
Bardastrandarsýsla	3410	833	6907 62	8 29	2 03
Vestur-Ísafjarðarsýsla	2348	593	2831 14	4 77	1 21
Norður-Ísafjarðarsýsla	3707	818	6213 06	7 60	1 68
Strandasýsla	1812	370	3119 90	8 43	1 72
Húnavatnssýsla	3891	978	8498 10	8 69	2 18
Skagafjarðarsýsla	4445	1030	6213 48	6 03	1 40
Eyjafjarðarsýsla	5377	1205	6090 36	5 05	1 13
Suður-Pingeyjarsýsla	3772	891	4528 66	5 08	1 20
Norður-Pingeyjarsýsla	1394	306	2330 25	7 62	1 67
Norður-Múlasýsla	3585	1143	7085 71	6 20	1 98
Suður-Múlasýsla	5046	1285	12926 04	10 06	2 60
Austur-Skaptafellssýsla	1162	295	1317 40	4 47	1 13
Reykjavíkurborg	6682	1356	13602 24	10 03	2 04
Ísafjarðarkaupstaður	1220	293	1870 »	6 38	1 67
Akureyrarkaupstaður	1370	443	733 61	1 66	» 54
Seyðisfjarðarkaupstaður	841	248	1681 30	6 79	2 »
Sunnlendingafjórðungur	27853	5821	75506 34	12 97	2 71
Vestfirðingafjórðungur	19731	4636	40217 14	8 67	2 04
Norðlendingafjórðungur	18855	4352	26064 21	5 99	1 38
Austfirðingafjórðungur	12028	3277	35343 70	7 73	2 11
Á öllu landinu	78470	18086	167131 39	9 24	2 13

Af þessu yfirliti má sjá, að byrðin er talsvert mismunandi, hvort heldur er í hlutfalli við mannfjölda eður tölu gjaldanda. Þyngst er hún sjáanlega á Gullbringu- og Kjósarsýslu og Rangárvallasýslu, en ljettust á Vestur-Ísafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu, Suður-Þingeyjarsýslu og Austur-Skaptafellssýslu af sýslunum, en á Akureyri er hún þó langljettust, enda er hún ekki nema tæpur 1/13 hluti bæjargjaldanna 1902, eða c. 8,3 %.

Líkt verður upp á teningnum, þegar litið er til landsfjórðunganna. Þar sem á Sunnlendingafjórðung koma kr. 12,97 á gjaldanda og kr. 2,71 á mann, þá koma ekki á Norðlendingafjórðung nema kr. 5,99 á gjaldanda, en kr. 1,38 á mann.

Af því sá mikli galli er á manntölum hjer, að ekki er hægt að sjá mannfjölda hvers hrepps, heldur er þar farið eptir sóknum, en þeim ber á mörgum stöðum ekki saman við takmörk hreppanna, þá er ekki hægt hjer að sýna, hvernig byrðin liggur á hreppunum yfirleitt, í hlutfalli við mannfjölda, en í hlutfalli við gjaldendatöluna má það, og hún stendur aptur í nokkru hlutfalli við mannfjöldann, að því er sjá má á yfirliti því, er hjer fer á undan. En hvað sem því líður, má þó glögg sjá, að fátækrabyrðin er mjög mismunandi í hlutfalli við mannfjölda, gjaldendatölu og að upphæðum. Hjer skulu sýnd nokkur dæmi þess, að því er hreppa snertir.

	Fátækrabyrði	
	Alls Kr.	Á gjaldanda Kr.
Í Landmannahreppi í Rangárvallasýslu	1278,35	20,96
– Vestur-Landeyjahreppi í sömu sýslu	1109,44	15,66
– Austur-Landeyjahreppi í sömu sýslu	577,00	5,83
– Grafningshreppi í Árnessýslu	660,00	50,77
– Biskupstungnahreppi í sömu sýslu	3533,12	30,20
– Selvogshreppi í sömu sýslu	194,93	6,96
– Njarðvíkurhreppi í Gullbringu- og Kjósarsýslu	1803,83	41,00
– Hafnahreppi í sömu sýslu	399,55	8,32
– Hraunhreppi í Mýrasýslu	917,33	22,37
– Norðurárdalshreppi í sömu sýslu	1000,00	22,23
– Borgarhreppi í sömu sýslu	694,27	6,61
– Breiðvíkurhreppi í Snæfellsnessýslu	1142,90	18,43
– Eyjahreppi í sömu sýslu	18,55	1,93
– Kirkjubólshreppi í Strandasýslu	825,00	15,87
– Kaldrananeshreppi í sömu sýslu	148,65	2,96

	Fátækrabyrði	
	Alls Kr.	Á gjaldanda Kr.
Í Haganeshreppi í Skagafjarðarsýslu	616,65	10,28
– Viðvíkurhreppi í sömu sýslu	146,55	2,71
– Hólahreppi í sömu sýslu	25,00	0,58
– Hálshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu	1023,47	7,01
– Svalbarðshreppi í sömu sýslu	90,00	1,64
– Vopnafjarðarhreppi í Norðurmúlasýslu	2645,07	7,92
– Loðmundarfjarðarhreppi í sömu sýslu	64,80	1,80
– Reyðarafjarðarhreppi í Suðurmúlasýslu	3617,63	13,40
– Geithellnahreppi í sömu sýslu	280,00	2,77

Á þessu sjest það ljóst, að byrði þessi liggur mjög misþungt á landsmönnum frá hvaða hlið sem á það er litið, jafnvel eins gjaldþoli, þó ekki sje hægt að sýna það með áreiðanlegum tölum.

Eyjahreppur í Snæfellsnessýslu þarf aðeins að bæta 5 kr. við fátækra-tíundina handa fátæklingum sínum, en þó hefur það verið minna fardaga-árið 1899–1900, því þá hefur byrðin aðeins verið 10 krónur, eða rjett-ara sagt, þá hefur engu þurft við að bæta, en fengist c. 35 kr. afgangur. En í Breiðuvíkurhreppi í sömu sýslu hefur orðið að bæta við fátækra-tíundina 1070 krónum. Viðvíkurhreppur í Skagafjarðarsýslu þurfti að auka við tíundina 41 kr. en Haganeshreppur 513 kr. En svo er Hólahreppur, hann hefur afgang 97 kr. og hann, sem ekki þarf að greiða til þurfalinga nema 25 kr., verður þó að borga til annara hreppsþarfa um 400 kr. Þar er þá fátækrabyrðin 1/17 hluti útgjalda sveitarsjóðsins.

Reyðarfjarðarhreppur í Suðurmúlasýslu þarf að auka við sína fátækra tíund 3420 kr. en Geithellahreppur 43 kr.

Þó fátækra-tíundin sje langt frá því að vera áreiðanlegur mælikvarði fyrir gjaldþoli manna í sveitum (kaupstaðir og sjávarpláss koma þar ekki til tals), þá stendur hún þó fremur í sambandi við gjaldþolið en mannfjöldinn og að því leyti eru þessi dæmi, er hjer eru sýnd, nægileg sönnun þess, að fátækraframfær-ið liggur einnig misjafnt á í tilliti til gjaldþolsins.

Það væri mjög æskilegt, að hægt væri að segja með nokkurnveginnn rökum, af hvaða ástæðum mismunur þessi stafar, en það er fátt erviðara en gefa ákveðnar ályktanir í því efni.

Það er alkunnugt, að opt eru tilviljanir er ráða miklu; slys og margvísleg

óhöpp valda þýngslum í nokkrum sveitum. Heilsubrestur virðist vera talsvert almennur í sumum sveitum, en gjöra lítið vart við sig í öðrum. Svipleikur sjávarafans er þungur á metunum í sjávarplássunum, og verkar opt langt frá sjer í ýmsar áttir. Metnaður og sjálfsstæðisþrá virðist vera á fremur lágu stígi hjá fátæklingum sumra hjerada, en vera aptur á miklu hærri stígi hjá öðrum, og er líklegt, að það fari eftir almennri menntun og menningu hjeradanna, enda ýmislegt, sem bendir til þess, að svo sje. Þá er það stjórn fátækramálanna er ekki mun eiga lítinn þátt í þýngd fátækraþýrðarinnar, eigi að eins stjórn þeirra á þeim tíma sem um er að ræða, heldur á löngu-umliðnum tíma.

Mörgum hefur orðið fyrir, að kenna löggjöfinni um fátækraþýrðina, og hafa menn þá einkum fellt þungan dóm um sveitfestistímann, sjer í lagi nú á seinni árum, en óþarfi er að segja, að sá dómur hafi jafnan verið bygður á sömu rökum, því röksemdirnar hafa gengið í ýmsar áttir, hver annari gagnstæðar.

En þótt að svo væri, að löggjöfinni einni væri um fátækraþýrðina að kenna, þá verður ekki mismunurinn á henni til þess að sanna að svo sé, þar sem allir lifa þó undir sömu lögum og þessi títtnefndi sveitfestistími er allstaðar nákvæmlega hinn sami. Það virðist óneitanlega liggja beinna við að halda, að mismunurinn stafi fremur af því, að lögunum hafi verið misjafnlega beitt, en af ókostum þeirra sjálfra, án þess þó að álíta, að þau hafi verið alfullkomin í öllum greinum.

Eins og sjá má á aðalýfirlitinu hér á undan, hafa af þessum 167,131 kr. gengið til fjölskyldu þurfamanna 96,001 kr.; til einhleypa þurfamanna 64,878 kr. og til munaðarlausra barna 6,251 kr., en við þetta er það sama að athuga eins og áður er minnst á, að síðasta upphæðin er líklega á annað þúsund kr. of há, en fyrsta upphæðin að sama skapi of lág.

Af þessum 96,001 kr. er gengur til fjölskylduþurfamanna, var lagt til heimila þeirra 42,563 kr. en í meðlög með börnum þeirra, lækningakostnað og þessl, 53,437 kr. Við þetta virðist einkum vera athugandi, hvort upphæðin, sem lögð er til heimila er ekki of há í samanburði við hina. Víðast þar sem fátækraþýrðin er þýngst, er líka hlutfallslega mest lagt til heimila. Að vísu eykur það tæpast þýrðina í svipinn, en hitt er alls ekki ósennilegt, að það haldi við armóði og ósjálfstæði um lengri tíma, og hafi þær afleiðingar fyrir framtíðina, að ósjálfstæðið í þessu efni verði ættgengt í sveitunum, enda virðist reynslan benda á það að svo sje. Það er miður heppilegt, að láta foreldra, sem ekkert hafa í það að ala upp börn, halda við húskap eða einhverskonar húsráð með fátækrafje sem aðal lífsframdrag. Það er óútreiknanlegur skaði fyrir sveitirnar og þjóðfélagið í heild, að börn sem í sjálfu sér eru vel gefin, fái uppeldi þar sem er skortur á nægilegum þrifum, reglusemi og ef til vill siðsemi; þar sem börnin sjá sjaldan eða aldrei fyrir sér myndarlegann og fjölbreyttann verkshátt, ganga

margs góðs á mis að því er fæði og klæðum við kemur og venjast við það frá blautu barnsbeini, að faðirinn sæki aðalbjörgina í sveitarstjóðinn, eyði til þess dýrmætum tíma, sem betur væri varið til annars og gjaldi svo sveitinni eða sveitarstjórninni vanþökk fyrir útlátin og komi þannig inn hjá börnunum betl-arahugsun og öfund og kala til þeirra, er veita þeim. Loka þannig augum þeirra fyrir öllu, sem aukið gæti sjálfstæði þeirra og metnað, eða flestu því, sem getur verið þeim til uppbyggingar fyrir lífið.

Það er ekki svo að skilja, að höf. álíti þetta undantekningarlausa reglu hjá öllum, sem lagður er heim sveitarstyrkur, en höf. veit allt of mörg dæmi til þess að fram hjá því verði gengið þegjandi, og sannast að segja ættu þau dæmi alls ekki að eiga sjer stað, þrátt fyrir það þó í svipinn virðist meiri útgjöld við það að taka slík hreysi upp, en að halda þeim við. Það marg borgar sig fyrir hverja einstaka sveit og alt þjóðfejlagið, ef börnunum verður komið fyrir á ráðdeildarsöm heimili, þar sem þau hafa nóg til fata og matar, fá viðunanlega fræðslu, venjast á þrifnað, reglusemi og starfsemi, því þá má gjöra sjer eins góðar vonir um, að þessi börn verð á fullorðinsár unum eins nýtir borgarar í mannfélaginu sem hver önnur.

Sumir álíta það ómannúðlegt, að taka börn frá foreldrum, ef þau eru því ekki samþykkt, en ef að skipta skal mannúðar og kærleiksskyldu þjóðarinnar milli foreldra og barna þeirra, sem styrks þurfa, þá er efalaust að börnunum ber meiri hlutinn. Sje börnunum betra, að þau sjeu tekin frá foreldrunum en alast upp hjá þeim, þá er sjálfsagt að hafa það svo, hvað sem foreldrunum lízt um það í svipinn, úr því þau geta ekki verið sjálfbjarga, en sje foreldrunum það ljúfara og börnunum það skaðlaust, að vera hjá þeim, samanborið við önnur góð heimili, sem fáanleg væru, þá er auðvitað alt öðru máli að gegna, og sjálf-sagt er, að sveitarstjórnir hagi sjer jafnan svo gagnvart heiðarlegum foreldrum, þótt á þeirra valdi sjeu, að meðferðin á þeim særi sem minnst að unt er föður eða móðurlegar tilfinningar þeirra.

Þá munu sveitarstjórnir gjöra helzt til lítið í því að útvega fullhraustum þurfamönnum atvinnu og halda þeim hlífðarlaust að henni. Vitanlega er lítið um þesskonar atvinnu til sveita um hina óarðsamari tíma ársins, en vel mundi það borga sig víða, að stofna til verklegra framkvæmda, mest megnis eða eingöngu í þessu skyni, einkum hefur sá styrkur, sem menn fá þannig, miklu hollari áhrif á þá, sem þiggja hann, en hinn vanalegi fátækrastrykur hefur. Í kaupstöðum og þjettbýlum sjóþorpum ætti þetta að vera það fyrsta, er fátækrastryknir gerðu, til þess að minka eða koma í veg fyrir fátækrastryrk til fullvinnandi manna.

Af þeim 64,878 kr., er gengu til einhleypa þurfamanna, fór í meðlag með þeim sjálfum 60,084 kr. en 4,793 kr. í meðlag með óskilgetnum börnum þeirra. Við fyrri upphæðina er ekki mikið að athuga, en sú síðari er í rauninni helzt

til há, því fæstir þessara manna eiga nema 1–2 börn, en eru óreglumenn og flækingar, er sveitarstjórnir geta ekki náð í. Má vera að upphæð þessi sé talinn nokkuð hærri enn hún í raun og veru sje, af því nokkrir af þessum mönnum endurborgi sveitunum 1–2 árum síðar það, sem þær leggja fram, en á skýrslunum má þó ráða, að sveitarstjórnirnar hafa enga von um endurgjald hjá sumum þeirra. Upphæð þessi er nú vitanlega ekki mjög há fyrir heilt land, og skýrslurnar bera það með sjer, að meiri hlutinn næst inn frá feðrum óskilgetinna barna, en það ætti líka að vera hrein undantekning, ef maður slippi við það, að gefa með barni sínu, sem getur það, og að sveitin tæki við óskilunum.

Vilji maður athuga, hvað mikið gengur af fátækrafje til styrktar hverjum þurfaling, þá kemur það í ljós, að fardagaárið 1901–1902 hefur það verið að jafnaði á öllu landinu 76 kr. 46 aurar, en á hvern þurfaling að meðtöldum konum þeirra kvæntu og börnum á ómagaldri 27 kr. 41 a. Á hvern fjölskylduþurfamann kemur 88 kr. en að meðtöldum börnum þeirra á ómagaldri og konum þeirra, sem kvæntir eru, verður það 19 kr. 18 a. á hvern í fjölskyldunum. Á einhleypan þurfamann koma 66 kr. 41 e. og á munaðarlaust sveitarbarn 52 kr. 98 a. Ef nú gjört er ráð fyrir, að meðal sveitarframfæri sje 60–70 kr., þá telst svo til, að fjölskylduþurfamenn vinni fyrir 2/3–5/7 hlutum af skylduliði sínu að þeim sjálfum og konum hinna kvæntu meðtöldum og þar eð sumir þurfamenn þiggja ekki nema helming eða minna af framfæri barna sinna, eins og t. d. flestar ógiptar konur gera, er ekki eiga nema 1 barn, þá er auðsætt, að sumir foreldrar vinna fyrir tiltölulega litlum hluta ómegðar sinnar, enda bera skýrslurnar það nokkuð víða með sjer. Það lítur jafnvel svo út sumstaðar, sem sveitirnar töpuðu litlu, þó sumir foreldrar væru látnir sigla sinn eigin sjó, en börnin tekin og forsorguð sem foreldralaus. Þar sem þetta kemur fyrir er skuldin vitanlega mest hjá slíkum foreldrum, en að öllum líkindum mun þó skortur á hagsýni og ötulleik hjá sveitarstjórnunum eiga drjúgan þátt í þessu víðast hvar.

Á upphæð þeirri, sem kemur á hvern einhleypan þurfamann (66,41) má sjá, að margir þeirra vinna fyrir sjer að nokkru leyti, því sumir þeirra eru þó ærið þungir á sveitunum, svo sem vitfirringar, sem flestir eru í tölu hinna einhleypu þurfamanna.

Á hvert munaðarlaust sveitarbarn kemur eins og áður er sagt 52 kr. 98 aurar og má af því sjá, hvað muni meðal meðlag með börnum. Ekki eru þó barna-meðlögin allstaðar jöfn; yfirleitt eru þau hærri í kaupstöðum og sjóplássum enn landsveitum. Hæst eru þau að sjá í Reykjavík og á Ísafirði og er það eðlilegt. Eins og líka er eðlilegt, eru meðlögin misjöfn eptir aldri barnanna. Hjer hefur verið athugað eptir skýrslunum meðlag barna 1–9 ára Og 10–14 ára – eldri börn eru þar ekki – og verður meðalmeðlag með þeim yngri 67 kr., en þeim eldri 44 kr. Þessi mismunnur er vel sennilegur, því í flestum sveitum mun með-

gjöf með börnum fara lækandi eptir að þau eru 10 ára og sum efnileg börn til sveita fara alveg af meðgjöf þegar þau eru 12–13 ára og öll undantekningarlaust 14 ára, ef þau eru heilbrigð, með fullri skynsemi og óknyttalaus.

Ástæður fyrir styrkpörf þurfamanna

telja sveitarstjórnirnar, sem áður er sagt, þessar helztar: Geðveiki eða brjálsemi, fábjánaskap, ýmsa aðra sjúkdóma og heilsuleysi, ellilasburði, drykkjuskap, ráðleysi og leti og loks ómegð með ýmsum fleiri ástæðum.

Geðveikir eða brjálaðir og fábjánar eru alls taldir 154 meðal þurfamanna. Þar af 30 fábjánar, en ekki er gott að sjá með vissu, hvað margir af þeim geðveiku eru fullkomlega brjálaðir. Eptir því sem sjá má á skýrslunum eru margir aðeins svo veikir á geðmunum, að það er talið því til fyrirstöðu, að þeir geti unnið fyrir sjer og sínum, eða hafi fulla raun á því. Eptir því sem nákvæmlegast verður sjeð á skýrslunum, hefur talan á hverri tegund verið fardagaárið 1901–1902 eptir sýslum og kaupstöðum sem hjer segir:

Sýslur og kaupstaðir	Geðveikir, vitskertir og fábjánar				
	Brjálaðir	Geðveikir	Fábjánar	Samtals	Af þeim vitskertu er vafasamt um
Vestur-Skaptafellssýsla	4	3	»	7	1
Vestmannaeyjasýsla	2	»	»	2	1
Rangárvallasýsla	»	4	3	7	»
Árnessýsla	11	5	7	23	2
Gullbringu- og Kjósarsýsla	10	7	»	17	1
Borgarfjarðarsýsla	»	1	»	1	»
Mýrasýsla	4	1	»	5	»
Snæfellsness- og Hnappadalssýsla	4	4	»	8	2
Dalasýsla	1	3	2	6	»
Barðastrandarsýsla	2	»	1	3	»
Vestur-Ísafjarðarsýsla	2	1	»	3	»
Norður-Ísafjarðarsýsla	5	1	»	6	2
Straudasýsla	3	1	1	5	1
Húnavatnssýsla	5	»	»	5	»
Skagafjarðarsýsla	2	5	1	8	2
Eyjafjarðarsýsla	3	2	3	8	»
Suður-Þingeyjarsýsla	1	4	5	10	»
Flyt	59	42	23	124	12

Sýslur og kaupstaðir	Geðveikir, vitskertir og fábjánar				
	Brjálaðir	Gæðveikir	Fábjánar	Samtals	Af þeim vitskerti er vafasamt um
Flutt	59	42	23	124	12
Norður-Pingeyjarsýsla	1	1	»	2	»
Norður-Múlasýsla	4	5	2	11	»
Suður-Múlasýsla	2	2	2	6	»
Austur-Skaptafellssýsla	»	»	2	2	»
Reykjavík	4	2	»	6	1
Ísafjörður	2	»	»	2	»
Akureyri	»	»	»	»	»
Seyðisfjörður	»	»	1	1	»
Samtals	72	52	30	154	13

Þessir 13 vafasömu, eru taldir brjálaðir, en geta líka verið af hinum geðveikluðu, sem þá verða 65, en hinir 59.

Eins og sjá má á þessu yfirliti eru um 60 menn, sem sjáanlega eru meira eður minna vitfirtir, sumir stöðugt, en nokkrir öðru hvoru, og eru þeir allir mjög þungir á sveitartjelögunum og má þó óhætt gjöra ráð fyrir því hvorutveggju, að enginn, sem heldur þá, sje ofsæll af meðgjöfinni, og einkum að enginn af þessum þurfamönnum hafi einu sinni fullviðunanlega meðferð, hvað þá þar yfir, því einstökum mönnum er lítt mögulegt, að veita vitfirtum mönnum þá meðferð í öllum greinum, er sjúkdómur þeirra krefur, og því er það óumflýjanleg þjóðarnauðsyn, að koma upp hæli fyrir þessa sjúklinga og vill nefndin því sýna viðleitni til að bæta úr þessu.

Þá eru 753, sem hafa einhvern annan heilsubrest en geðveiki, og eru 133 af þeim blindir. 436 af þessum sjúku mönnum eru einhleypir, en 317 eru taldir til fjölskylduþurfamanna og eru margir af þeim taldir »heilsulitlir« en ekki fullkomnir sjúklingar.

538 þurfam. eru taldir ellihrumir og er það nálega sama tala og þeirra manna, sem orðnir eru 70 ára eða eldri. Þó eru sumir milli sextugs og sjötugs taldir ellihrumir, en aptur er þess ekki getið um nokkra af þeim, sem eru yfir sjötugsaldur, og má þó jafnan gera ráð fyrir, að þeir menn, sem komnir eru á þann aldur, sjeu lasburða til vinnu.

Það er annars mjög leiðinlegt, að menn, sem komnir eru á svo háan aldur, þurfi að fara á sveitarframfæri, sjer í lagi ef þeir hafa ekki þurft þess fyr, en hafa á heiðarlegan hátt sjeð fyrir sjer og sínum þangað til. Sveitarframfæri sviftir menn að lögum ýmsum borgaralegum rjettindum og er því jafnan, eins og hann líka á að vera, neyðarhjálþ, þegar allt annað þrýtur, og því er hann alls ekki viðunandi ellistyrkur fyrir heiðarleg gamalmenni, sem hafa verið til uppbyggingar, en eru orðin svo útslitin, að þau geta ekki lengur sjeð fyrir sjer án hjálpar.

Almenn lífeyrisskylda, með nauðsynlegum styrk frá landsins hálfu, virðist vera það tiltækilegasta til hjálpar í þessu efni; og gæti það náð til þeirra jafnframt, sem vegna verulegra sjúkdóma gætu ekki unnið fyrir sjer. Nefndin hefur því haft í hyggju, að gjöra tilraun í þessa átt, eins og líka var tilætlast af þinginu, þegar ályktað var að skipa hana.

Þá eru 121 þurfamenn á landinu sem bendlaðir eru við drykkjuskap í skýrslum sveitarstjórnanna. Hjá nokkrum er það talin aðalástæðan, en hjá flestum kemur það fram sem aukaástæða, blönduð saman við aðrar ástæður, svo sem ráðleysi og flækingshátt. Um ýmsa þeirra eru höfð þannig löguð orð, að »hann þykir – eða hefur þótt – nokkuð hneygður til drykkju og ávalt verið fremur ráðlítill«. 77 af mönnum þessum eru í Sunnlendingafjórðungi, 26 í Norðlendingafjórðungi og 9 í hvor um hinna.

